

Fyrirspurn Egils Þórs Jónssonar (S) með tölvupósti sendum 13. febrúar 2019 um opinberar birtingar heilbrigðiseftirlitsins á niðurstöðum eftirlitsskýrslna:

- a. *Er Reykjavíkurborg heimilt að birta opinberlega flokkun fyrirtækja eftir frammistöðu?*  
Svar: Spurningunni átti líklega að beina til Heilbrigðiseftirlitis Reykjavíkur (HER) ekki Reykjavíkurborgar og fer svar HER hér á eftir. HER er ekki að flokka fyrirtæki eftir frammistöðumatskerfi. Hvernig slíkt kerfi á að vera hefur ekki verið ákveðið, heldur er einungis verið að birta niðurstöður úr reglubundnu heilbrigðiseftirliti, samandregnar á aðgengilegan hátt fyrir almenning eins og ríkar skyldur eru til að gera. HER vísar til ákvæða í matvælalögum nr. 93/1995 þar sem segir í 1. gr. að til að tryggja öryggi matvæla skal m.a. ná því fram með opinberu eftirliti, upplýsingamiðlun og neytendavernd. Í 2. gr. reglugerðar nr. 320/2012 um birtingu niðurstaðna vegna eftirlits með matvælum eru skýrar heimildir til að birta niðurstöður eftirlits, auk þess sem í 54. gr. lagan nr. 7/1998 er skilt að birta eftirlitsskýrslur. Ákvæði upplýsingalaga er taka til frumkvæðisskyldu stjórnvalda og rétt almennings til upplýsinga er einnig nefndur í þessu samhengi. Hins vegar er ágreiningur um þetta og málið í höndum beggja fagráðuneytanna að koma með álit á lögmæti þess að birta niðurstöður eftirlits á heimasíðu HER. Þau álit liggja ekki fyrir.
- b. *Ef svo er, verður ekki að gefa fyrirtækjum tækifæri til að gera viðeigandi úrbætur áður en einkunn er birt opinberlega?*  
Svar: Niðurstöður úr hverju eftirliti eru eins og eftirlitið var í það skiptið og birt þannig. Allir rekstaraðilar fá andmælarétt á eftirlitsskýrslur áður en þær eru birtar. HER tekur afstöðu til réttmætis andmæla ef berast. Kröfur um úrbætur koma fram í hverri eftirlitsskýrslu sem rekstraraðila ber að fara að. Frestir til úrbóta eru misjafnir eftir eðli máls og stundum geta rekstraraðilar sent inn sannanir um úrbætur eða að eftirfylgni leitt í ljós úrbætur. Það hefur á þann hátt áhrif á mögulega bætta útkomu hjá fyrirtækinu. Birting niðurstaðna úr reglubundnu heilbrigðiseftirliti hefur nú þegar skilað árangri þar sem úrbóta er þörf og ekkert sem bendir til annars en almennrar ánægju rekstaraðila og almennings með birtinguna.
- c. *Eru fyrirtækjaeigendur upplýstir um að niðurstöður og einkunn verði birt opinberlega?*  
Svar: Í eftirliti er kynnt að niðurstöður eru birtar á vefsíðu HER auk þess sem upplýsingar um birtinguna er í föstum texta á öllum eftirlitsskýrslum auk þess sem niðurstöður úr eftirlitinu eru sendar rekstraraðila með drögum að eftirlitsskýrslum til skoðunar og andmæla innan tiltekins frests.